

Fréttabréf



14. ÁRGANGUR // 2. TÖLUBLAÐ // MARS 2016

**ASÍ 100 ára
Aðalfundarboð
Kjarasamningarnir
samþykktir**



Orlofsúthlutun 2016.

Nú stýttist í að hægt verði að vinna úr þeim umsóknum sem bárust um orlofshús 2016 en svör til allra á uppgefið netfang eiga að hafa borist 16.mars. Allir sem fá úthlutun þurfa að hafa greitt í síðasta lagi 4. apríl því þann 5. apríl, kl. 13:00, verður opnað á orlofsvefnum fyrir þá orlofskosti sem ekki ganga út. Þá gildir „fyrstur kemur, fyrstur fær“



Ævintýrahöllin á Florida

Þann 1. mars s.l. var opnað fyrir umsóknir í höllina okkar á Florida fyrir árið 2017. Að sjálfsögðu ruku vinsælustu tímabilin út á nokkrum sekúndum en enn er hægt að finna laus leigutímabil. Við minnum á að húsið tekur 12 manns í gistingu og framboð á flugi til USA er alltaf að aukast. Þarna er sannarlega um mjög spennandi kost að ræða fyrir félagsmenn. Hægt er að kaupa beint flug með Flugleiðum til Orlando, en þeir fljúga þó ekki beint yfir sumartím-ann. Frá maí til september þarf að fljúga til New York eða Boston og þaðan niður til Florida.

Fréttabréf FIT
2. tbl. 14. árg. mars 2016

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Umbrot og prentun: prentun.is



Ferðavagnaafsláttur

Við viljum einnig benda á ferðavagnaafsláttinn sem FIT býður uppá. Hægt er að nýta hann með því að fara inná miðasölu á orlofsvefnum og greiða kr. 5.000 fyrir umsóknareyðublað um styrk. Upphæð styrks er kr. 30.000 og er hann greiddur út í lok sumars. Styrkurinn greiðist inn á reikning félagsmanns. Sendið umsóknina ásamt leigusamningi og greiðslukvittun á fit@fit.is. Einnig er hægt að koma með pappírana á skrifstofu FIT. Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði: Leigusamningur þarf að vera á nafni félagsmanns. Leigusali þarf að vera skráð og starfandi ferðavagnaleiga á Íslandi. Leigutími á leigusamningi þarf að vera að lágmarki 6 dagar. Athugið að þeir sem leigja orlofshús félagsins í sumar fá ekki greiddan ferðavagnastyrk.



Golfmót Samiðnar (og FIT) 2016

Hið árlega golfmót Samiðnar verður haldið á Hlíðarvelli Mosfellsbæ 10.júní n.k.

Mæting er í síðasta lagi kl.15:30 en ræst verður út kl. 16:00 á öllum teigum í einu.

Keppt verður bæði með og án forgjafar og einnig verða veitt unglunga og gestaverðlaun.

Mótið er opið öllum félagsmönnum aðildarféлага Samiðnar og fjölskyldum þeirra.

Skráning er í síma 535 6000 eða í netfangið skrifstofa@samidn.is og þarf að gefa upp forgjöf og nafn á stéttarfélagi viðkomandi.

Mótið er jafnframt innanfélagsmót FIT (félagsmenn FIT og fjölskyldur þeirra) og mun FIT veita verðlaun fyrir besta árangur karla og kvenna.

Þá er bara að fara að æfa sveifluna og púttin og taka svo þátt í skemmtilegu móti.

Sjá nánar á heimasíðu Samiðnar www.samidn.is

Vítaverð afstaða ráðherra



Nýir kjarasamningar við Samtök atvinnulífsins, Meistarasamband byggingamanna, Samband garðyrkjubænda, Bílgreinasambandið og Félag pípulagningarmeistara voru samþykktir með miklum yfirburðum í lok febrúar. Þeir félagsmenn sem taka laun samkvæmt þessum kjarasamningum fengu 6,2% launahækkun, afturvirka til 1. janúar. Mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð hefur einnig verið hækkað, fer í 8,5% 1. júlí á þessu ári og hækkar svo um 1,5% 1. júlí 2017 og aftur 2018 og verður þá hlutur launagreiðenda kominn í 11,5%. Á næstunni verður farið í að vinna við uppfærslu kjarasamninga sem tengdir eru samningum við SA með bókun og er vonast til að þeir samningar verði undirritaðir á næstu vikum með sambærilegum hækkunum.

Góðar horfur eru nú á því að markmið þessara samninganna um lága verðbólgu og efnahagslegan stöðugleika nái fram að ganga. Samkvæmt því stefnir í umtalsverða kaupmáttaraukningu launafólks á þessu ári en til að svo verði, skiptir máli að verslunin skili ávinningi af hagstæðara rekstrarumhverfi vegna tollalækkana um áramótin og styrkingu krónunnar til neytenda í gegnum vöruverðið.

SAMIÐNARÞING

Næsta mál framundan hjá Félagi iðn- og tæknigreina er undirbúningur Samiðnarþings, sem haldið verður 22.-23. apríl. Aðalmál þingsins verður að vinna að því að setja markmið og móta afstöðu til lífeyrismála og hugmynda um breyttan lífeyrissaldur. Einnig verður nýtt vinnumarkaðsmódel rætt og skoðað sérstaklega. Þetta er gert í samræmi við þá bókun sem gerð var samhliða nýjum kjarasamningi.

ÁLVERSDÉILA

Eins og kunnugt er hefur enginn árangur náðst í deilu starfsmanna í álverinu í Straumsvík og fátt er í spilunum sem bendir til þess að samið verði í deilunni á næstunni. Afstaða hins erlenda auðhrings sem hefur svipt íslenska dótturfélagið samningsumboði í deilunni er jafnósveigjanleg og áður. Sú óbilgirni sem fyrirtækið

sýnir fámennum hópi lægst launuðu starfsmanna fyrirtækisins er óskiljanleg og einsdæmi í samskiptum aðila á íslenskum vinnumarkaði. Síðasti kaflinn í baráttu Rio Tinto Alcan gegn íslensku launafólki birtist í því að forstjóri og nokkrir stjórnendur á skrifstofu fyrirtækisins hafa fengið samþykki sýslumanns fyrir því að þessir aðilar gangi í störf starfsmanna og taki að sér að lesta flutningaskip með áli til útflutnings. Það þarf ekki að hafa frekari orð um þann ásetning sem þarna býr að baki og er augljóslega sá að brjóta niður það skipulag sem ríkir á íslenskum vinnumarkaði og sátt hefur verið um í grundvallaratriðum áratugum saman. Verkalýðshreyfingin mun ekki láta undan síga í þeirri baráttu.

STJÓRNVÖLD HAGNAÐ Á KENNITÖLUFLAKKI

Félag iðn- og tæknigreina hefur lengi verið í fararbroddi baráttunnar gegn kennitöluflakki, svartri atvinnustarfsemi og undirboðum á íslenskum vinnumarkaði. Við höfum tekið þátt í vinnustaðaeftirliti og átt samstarf um þetta við Vinnumálastofnun, Ríkisskattstjóra og fleiri opinberar stofnanir. Ítrekað hefur verið kallað eftir því að stjórnvöld stuðli að skilvirkara vinnustaðaeftirliti og betri árangri í þessari baráttu með því að endurskoða lög og setja skýrar refsheimildir við brotum þar sem lögð verði áhersla á að skilgreina meðal annars ábyrgð aðalverktaka á því að undirverktakar starfi í samræmi við lög og reglur á íslenskum vinnumarkaði.

Stjórnvöld hafa lengi dregið lappirnar í þessum málum og í skjóli aðgerðarleysisins hefur vandamálið haldið áfram að vaxa í hlutfalli við fjölgun verkefna í byggingariðnaði síðustu misseri.

VÍTAVERÐ AFNEITUN RÁÐHERRA

Afneitun stjórnvalda gagnvart stöðu þessara mála náði nýjum hæðum með yfirlýsingu Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra fyrir skömmu. Þar lagðist hún gegn samþykkt þingmannafrumvarps sem kynnt hefur verið á Alþingi og felur í sér þær helstu aðgerðir sem verkalýðshreyfingin hefur kallað eftir. Ráðherrann sagði að þær aðgerðir myndu bitna óþarflega harkalega á frumkvöðlastarfsemi og

nýsköpun í landinu og þrengja að afhafnafólki. Ráðherrann segist óttast að íslenskt samfélag missi af mikilvægum tækifærum með því að stöðva kennitöluflakki, gerviverktöku, undirboð og svarta atvinnustarfsemi.

Þessi afstaða er með algjörum ólíkindum og hreinlega vítaverð frá ráðherra í ríkisstjórn Íslands.

Hvaða frumkvöðlar eru í raun að nýta tækifærin sem við þeim blasa vegna aðgerðarleysis og afneitunar ráðherrans og þeirra stjórnámálanna sem styðja sömu afskiptaleysisstefnu?

Jú, það er fremur fámennur hópur Íslendinga sem sitja efst í keðjum fyrirtækja í byggingariðnaði. Þar hefur svört atvinnustarfsemi fengið að þróast mikið á undanförnum árum vegna lélegs regluverks og er farin að bera mörg einkenni skipulagðar glæpastarfsemi. Fjöldi starfsmannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja með starfsemi í íslenskum byggingariðnaði hefur margfaldast á nokkrum mánuðum. Aðalverktakinn ábyrgðarlausir hefur ekki eigin starfsmenn, en nýtir sér svo vinnuafli frá starfsmannaleigum og undirverktökum. Oft koma við sögu neðar í keðjunni erlendir starfsmenn sem eru skemur en 183 daga við vinnu á Íslandi en þá þarf ekki að greiða af þeim skatta og skyldur til íslensks samfélags. Þessi 183 daga undanþága flækir mjög allt eftirlit með þessari starfsemi. Vitað er um 300 slíka menn sem voru við vinnu hér á landi árið 2015 en enginn veit hve margir voru hér við vinnu án þess að lenda nokkru sinni á skrá.

Sumir undirverktakar í keðjunni eru með skráða starfsemi á Íslandi og nýlegar kennitölur en önnur eru erlend þjónustufyrirtæki með stinga niður fæti hér í skamman tíma. Í sumum tilvikum vakna spurningar um mansal. Markmiðið með keðjunni er ljóst frá upphafi og það er það að komast undan því að greiða skatta og skyldur til íslensks samfélags. Verkaupinn telur sig vera að greiða fyrir vinnu faglærðra iðnaðarmanna en ljóst er að stór hluti þessara erlendu starfsmanna hefur yfir líttli eða alls engri fagkunnáttu að ráða. Erlendu

starfsmennirnir fá iðulega lágmarkslaun ófaglærðra verkamanna fyrir vinnu sína og stundum er ástæða til að draga í efa að launin nái þeim fjárhæðum.

HVERJIR ERU ÞAÐ SEM GRÍPA „TÆKIFÆRIN“?

„Athafnarmennirnir“ sem standa að baki keðjum af þessu tagi fá í dag mikið olnbogaráými á Íslandi vegna þess að eftirlitskerfið á vinnumarkaði er ekki að virka vegna þess að lögin eru ekki nægilega skýr og stjórnvöld skortir vilja til að taka á málinu. Núverandi staða gagnast þessum aðilum. Það eru þeir sem eru að nýta tækifærin sem aðgerðaleysi ráðherrans skapar en ekki íslenskt samfélag. Íslenskt samfélag er hins vegar að verða fyrir viðtæku samfélagslegu tjóni vegna þessa ástands þótt bæði ríki og sveitarfélög hafi talið sér samboðið að hagnast á undirboðum þessara aðila með því að gera við þá samninga um opinberar framkvæmdir þekkjandi rekstrarsögu viðkomandi. En fyrst og síðast bitnar þetta ástand á tekjuöflun ríkisins í gegnum skattkerfið sem tapar á skattsvikum, kennitöluflakki og gjaldþrotum, það bitnar á réttindum launafólks og það bitnar á samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem leggja áherslu á að fylgja lögum og reglum. Þetta grefur líka undan öryggi neytenda og almennings sem leggur í miklar fjárfestingar í fasteignum og opinberum mannvirkjum en fær svikna vöru sem unnin er af vanefnum af fólki sem oft kann lítið til verka. Athafnamennirnir og frumkvöðlarnir í þessari starfsemi eru nefnilega ekki fagmenn í neinu öðru en svartri atvinnustarfsemi og kennitöluflakki og það er starfsemi sem skaðar þjóðfélagið.

Það er stórunarlegt að standa frammi fyrir því að ráðherra sem hefur það hlutverk að gæta hagsmuna almennings vill ekki skilja hve alvarleg þessi staða er og neitar að grípa til nauðsynlegra aðgerða.

Hilmar Harðarson, formaður FIT

Gamla ljósmyndin



Myndin sýnir starfsmenn Ræsis h.f. á bílaverkstæði fyrirtækisins við Skúlagötu í Reykjavík. Ræsir var stofnaður árið 1942 og var nánast alla sína tíð með starfsemi við Skúlagötuna, eða þar til starfsemin flutti upp á Krókháls 11 árið 2004. Ræsir var með umboð Mercedes-Benz á Íslandi um áratuga skeið eða til ársins 2005 þegar Askja tók við umboðinu og Ræsir hætti starfsemi.



Myndir teknar á aðalfundi 2015

Stjórnarkjör FIT

Þann 20. febrúar rann út frestur til að skila inn framboðum til helmingis stjórnar til ársins 2018. Það er hlutverk uppstillinganefndar samkvæmt lögum félagsins, að tryggja framboð til stjórnar og gera tillögur um aðra fulltrúa sem kosið er um á aðalfundi félagsins. Í síðasta fréttabréfi FIT mátti sjá tillögur nefndarinnar. Ekki komu fram önnur framboð og eru því frambjóðendur uppstillinganefndar til stjórnar

sjálfkjörnir. Samkvæmt því verður helmingur stjórnar skipaður þannig næstu tvö árin: Tryggvi F. Arnarson, Ármann Ægir Magnússon, Einar Þór Gíslason, Sveinn Jónsson, Andrés H. Hreinsson, Helgi Pálsson. Varamenn, Ingigerður Magnúsdóttir, Logi Halldórsson, Rúnar Bogason, Kjörinu verður lýst formlega á aðalfundi félagsins laugardaginn 19. mars.

Aðalfundur Félags iðn- og tæknigreina 2016

verður haldinn í Borgartúni 30, 6.hæð laugardaginn 19. mars kl. 11:00

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Kjöri stjórnar lýst.
5. Kosning trúnaðarráðs, kjörstjórnar, skoðunarmanna reikninga, og uppstillinganefndar
6. Kosning endurskoðenda.
7. Tillaga um fulltrúa á þing Samiðnar 2016
8. Tillaga um fulltrúa á þing ASÍ 2016
9. Tillögur um fulltrúa á ársfundi lífeyrissjóða sem FIT er aðili að.
10. Önnur mál.

Hádegismatur í boði félagsins.

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá fundarstað.

Stjórnin



Orlofshúsin í Öndverðarnesi eru öll hin glæsilegustu.



FIT byggir ný orlofshús

Nú eru í byggingu hjá FIT ný hús við Grjóthólsbraut í Öndverðarnesi. Þau verða væntanlega tekin í notkun seinnipartinn í sumar. Húsin eru eins og þau tvö hús sem tekin voru í notkun á síðasta ári og verða búin sömu tækjum og búnaði. Hvort hús er tæplega 116 fm og skiptist í 3 svefnherbergi með svefnaðstöðu fyrir 8 manns og eru hjónarúm í öllum herbergjum, auk þess sem eitt herbergið er líka með kojum. Í opnu rými er eldhús og stofa. Snýrtiaðstaða er á tveimur stöðum, því auk hefðbundinnar aðstöðu inni í húsinu er snýrting aðgengileg frá pallinum. Allur nýjasti búnaður verður í húsunum og á stórum steiptum útipalli verður gasgrill og heitur pottur.

Akstursleiðbeiningar. Við bílastæðin við enda veitingaskálans í Öndverðarnesi liggur vegur yfir

á hæðina sem er á vinstri hönd. Þegar komið er yfir á hæðina er beygt inn á Grjóthólsbrautina og eru húsin sem eru nú þegar í notkun nr. 1 og 3, á vinstri hönd en nýjustu húsin eru nr. 2 og 4 og standa andspænis þeim handa götunnar. Gott útsýni er frá húsunum yfir orlofsbyggðina.


Í Öndverðarnesi er glæsilegur golfvöllur og golf-skáli með veitingahúsi. Þar er líka sundlaug og við hana leiksvæði fyrir börn. Við sundlaugina eru tjaldstæði sem eru gjaldfrjáls fyrir félagsmenn FIT en hafa þarf samband við umsjónarmann áður en tjaldað er og greiða skilagjald af sundlaugarlykli ef menn hyggjast nota laugina. Rétt er að benda á að engin varsla er við sundlaugina og eru því gestir á eigin ábyrgð og börn alfarið á ábyrgð fullorðinna fylgdarmanna.





KLUKK

KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er nýtt og frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk

ASÍ 100 ára

Verkalýðshreyfingin er ein öflugasta félagshreyfing þjóðarinnar. Flestir vita af hreyfingunni, margir njóta þjónustu hennar, sýna skilning á hlutverki hennar en þeir eru líklega fleiri sem gera sér ekki grein fyrir hversu stórt hlutverk hennar er í sögu þjóðarinnar síðustu 100 árin. Þess vegna er mikilvægt að rifja upp söguna og vekja athygli á framlagi verkalýðshreyfingarinnar til mótnar íslensks samfélags. Þann 12. mars 2016 verða 100 ár liðin frá því að 20 einstaklingar frá sjö verkalýðsfélögum bundust samtökum til að efla samtakamátt sinn í baráttunni fyrir bættum kjörum og Alþýðusambandið varð til.

Á fyrstu árum hreyfingarinnar snérist baráttumálin um að verkafólk fengi greitt fyrir vinnu í peningum, um hvíldartíma og mannsæmandi mannabústaði. Alla tíð síðan hafa réttindamál af ýmsum toga einkennt starf verkalýðshreyfingarinnar og er nú svo komið að réttindi og aðbúnaður íslensks launafólks er með því allra besta sem þekkist í heiminum. Má þar nefna veikinda- og orlofsrétt, sjúkrasjóði og lífeyrisréttindi. Það má þó ekki sofna á verðinum því stöðugt þurfa stéttarfélögin að verja það sem hefur áunnist auk þess að sækja fram til frekari sigra.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Sögu Alþýðusambandsins verða gerð viðeigandi skil á ljósmyndasýningunni Vinnandi fólk í Þjóðminjasafninu sem opnar 5. mars nk. Þar verður birtu brugðið á það hvernig aðstaða og aðbúnaður vinnandi fólks á Íslandi hefur breyst frá stofnun ASÍ. Sýningin er vitnisburður um framþróun hjá vinnandi fólki á mörgum sviðum á síðustu hundrað árum. Máttur ljósmyndarinnar er magnaður, hún sýnir okkur betur en flest, veruleikann eins og hann var.

LISTASAFN ASÍ

Í stórfenglegri listaverkagjöf Ragnars Jónssonar í Smára til Alþýðusambands Íslands, sem varð kveikjan að stofnun Listasafns ASÍ 1961, eru mörg af þekktustu myndverkum tuttugustu aldar eftir nokkra fremstu listamenn þjóðarinnar; Ásgrím Jónsson, Jón Stefánsson, Jóhannes Sveinsson Kjarval Nínu Tryggvadóttur og Svavar Guðnason. Á sýningunni, GERSEMAR úr safneign Listasafns ASÍ, sem opnar 5. mars verða verk eftir ofangreinda listamenn sýnd í bland við aðrar og minna þekktar perlur úr safneigninni.

Tónlist hefur leikið stórt hlutverk í verkalýðshreyfingunni alla tíð og tónlist verður einkennandi í afmælisfagnaði ASÍ. Boðið verður til tónleika á

fjórum stöðum á landinu 12. mars þar sem ungir og ferskir listamenn stíga á svið í bland við eldri og reyndari.

REYKJAVÍK DAGUR

Fjölskylduskemmtun í tilefni 100 ára afmælis ASÍ hefst í Hörpu kl. 14 laugardaginn 12. mars. Boðið verður upp á tónleika með Páli Óskari og Úlfi Úlfi í Norðurljóssasalnum. Auk þess setur tvíeykið magnaða, Hundur í óskilum, upp stutta leiksýningu í Kaldalóni kl. 15 og 16 þar sem farið verður yfir athyglisverða hluti úr 100 ára sögu verkalýðshreyfingarinnar. Kl. 17:30 blæs Lúðrasveit verkalýðsins svo til tónleika í Kaldalóni. ASÍ býður svo gestum Hörpunnar upp á afmælistöku, kaffi og Svala í tilefni aldarafmælisins. Það er frítt inn á alla þessa viðburði og ekki þarf að ná sér í miða til að vera með á fjölskylduskemmtuninni.

REYKJAVÍK KVÖLD

Frábærir listamenn koma fram til að fagna þessum tímamótum með okkur: Retro Stefson, Mannakorn, Valdimar, Hundur í óskilum, Mammút og Lúðrasveit Verkalýðsins. Kynnar verða Halldóra Geirharðsdóttir og Ólafía Hrönn Jónsdóttir. Aðgangur er ókeypis en miðar verða afhentir á tix.is og harpa.is og hefst afhending miða fimmtudaginn 4. mars kl. 12 á hádegi.

AKUREYRI

Ljósmyndasýning og tónleikar í Hofi á Akureyri laugardaginn 12. mars kl. 20. Fram koma: Agent Fresco, Ylja, Hvanndalsbræður og Emmsje Gauti. Aðgangur er ókeypis en nauðsynlegt er að nálgast miða á tix.is. Afhending miða hefst fimmtudaginn 4. mars kl. 12 á hádegi.

ÍSAFJÖRÐUR

Ljósmyndasýning og tónleikar í Edinborgarhúsinu á Ísafirði laugardaginn 12. mars kl. 20. Fram koma: Mugison og Lára Rúnars. Aðgangur er ókeypis en nauðsynlegt er að nálgast miða á tix.is. Afhending miða hefst fimmtudaginn 4. mars kl. 12 á hádegi.

NESKAUPSTAÐUR

Ljósmyndasýning og tónleikar í Egilsbúð í Neskaupstað laugardaginn 12. mars kl. 20. Fram koma: Bjartmar Guðlaugs, Lay Low og Úlfur Úlfur. Aðgangur er ókeypis en nauðsynlegt er að nálgast miða á tix.is. Afhending miða hefst fimmtudaginn 4. mars kl. 12 á hádegi.



100 ÁRA

Tónleikaveisla og hátíðarhöld 12. mars

Afhending miða hefst **4. mars á tix.is**

Í tilefni af aldarafmæli Alþýðusambands Íslands bjóðum við Íslendingum til tónleikaveislu á fjórum stöðum á landinu á afmælisdaginn, laugardaginn 12. mars.

Akureyri: Tónleikar í Hofi kl. 20.00

**AGENT
FRESCO
EMMSJÉ GAUTI**
YLJA • HVANNDALSBRÆÐUR

Ísafjörður: Tónleikar í Edinborgarhúsi kl. 20.00

**MUGISON
LÁRA RÚNARS**

Neskaupstaður: Tónleikar í Egilsbúð kl. 20.00

**ÚLFUR ÚLFUR
LAY LOW
BJARTMAR**

Reykjavík: Opið hús og fjölskyldudagskrá í Hörpu kl. 14.00

**PÁLL
ÓSKAR
ÚLFUR ÚLFUR
HUNDUR Í ÓSKILUM
LÚDRASVEIT VERKALÝÐSINS**
BOÐIÐ UPP Á KÖKU, KAFFI OG SVALA

Tónleikar í Eldborg kl. 20.00

**RETRO
STEFSON
MANNAKORN**
VALDIMAR • MAMMÚT
HUNDUR Í ÓSKILUM
LÚDRASVEIT VERKALÝÐSINS

Aðgangur **ókeypis** - tryggðu þér miða á **tix.is**



Myndirnar eru frá kynningarfundum sem FIT hélt um kjarasamningana

Kjarasamningarnir samþykktir

Sameiginlegri allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ um kjarasamning milli aðildarsamtaka ASÍ og SA frá 21. janúar 2016 lauk kl. 12 á hádegisdegnum 24. febrúar.

Já sögðu 9.724 eða 91,28%.

Nei sögðu 832 eða 7,81%.

Auðu skiluðu 97 eða 0,91%.

Kjarasamningurinn var því samþykktur.

Niðurstöður í kosningu um kjarasamning Samiðnar og Bílgreinasambandsins annars vegar og Samiðnar og Félags þípulagningameistara hins vegar lauk einnig á hádegisdegnum 24. febrúar.

Báðir samningarnir voru samþykktir.

Samningur Samiðnar og Bílgreinasambandsins:

Já sögðu 88%

Nei sögðu 10%

Auðu skiluðu 2%

Samningur Samiðnar og Félags þípulagningameistara:

Já sögðu 73%

Nei sögðu 18%

Auðu skiluðu 9%

Hægt er að skoða alla kjarasamningana á heimasíðu FIT undir hnappnum KJARAMÁL





NÝTT FÉLAGSSKÍRTEINI

Nú er unnið að gerð nýrra félagsskírteina sem verða rafræn auðkenniskort og eru þau unnin í samstarfi við Íslandskortið. Með tilkomu þessara nýju korta verður útgáfu árlegra félagsskírteina hætt og skírteinið því ætlað til framtíðar. Með útgáfu rafrænna skírteina opnast fyrir ótal möguleika eins og að nýta kortið til auðkenningar og greiðslu á ýmsri þjónustu og verða þeir möguleikar kynntir eftir því sem þeim fjölgar.

Það sem meðal annars verður í boði er eftirfarandi:

AFSLÆTTIR

Áfram verður hægt að nota kortin fyrir afslætti og mun verða aukið verulega við í hópi þeirra fyrirtækja sem nú þegar gefa afslátt. Hægt er að sjá upplýsingar um afslætti á heimasíðu félagsins sem og á heimasíðunni islandskortid.is/afslattur. Afslættir eru uppfærðir reglulega og við hvetjum fólk til að fylgjast með á heimasíðu félagsins.

SJÁLFSAFGREIÐSLA

Hægt verður að nota kortið til greiðslu og afsláttar víðsvegar um landið. Í hópi þeirra staða sem nú þegar eru orðnir virkir má nefna Þingvallabjóðgarð, Vatnajökulspjóðgarð, Gullfoss og fleiri staði. Síðar verður boðið upp á að tengja kortið við rafrænar þjónustur og sjálfsafgreiðslur.

AUÐKENNING

Síðar verður boðið upp á að tengja kortið við rafrænar þjónustur og sjálfsafgreiðslur.

Skírteinin verða gefin út á fyrsta ársfjórðungi 2016. Fram að þeim tíma gilda skírteini ársins 2015 og verður aðgangsnúmerið að orlofsvefnum virkt fram að því.



ÍSLANDS KORTIÐ

islandskortid.is



Traust og björt framtíðarsýn

Hlutverk Sameinaða lífeyrissjóðsins er að tryggja fjárhagslegt öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna í framtíðinni. Kynntu þér þjónustu okkar á lifeyrir.is.

Við hjálpum þér að búa í haginn fyrir framtíðina.

